

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns, Tinhella 3-9.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi 4. maí 2023 breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns, vegna lóðarinnar að Tinhellu 3-9. Breytingin felur í sér sameiningu lóðanna Tinhellu nr. 3, 5, 7 og 9. Gerður er einn byggingarreitur og bundin byggingarlína er tekin út. Innkeyrslum er fjölgað um eina, fallið er frá kvöð um gegnumakstur og göngustígur færast að lóðarmörkum í suðri. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 5. september 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner.

B-deild – Útgáfudagur: 5. september 2023